

Til þess er málið varðar

Mikael Máni Vidal heiti ég og er nemi við Háskóla Íslands og er að klára mitt þriðja ár í vélaverkfræði. Ég kom til ykkar í vísindaferð síðustu helgi á vegum Vélarinnar sem er nemendafélag verkfræðinema. Varð ég mjög hrifinn af kynningunni og þeirri starfsemi sem þið kynntuð fyrir okkur og finnst mér fyrirtækið virka sem spennandi vinnustaður sem gæti gefið mér góða reynslu og gott vegað út í lífið.

Ég hef alltaf haft mjög mikinn áhuga á hönnun, nýsköpun og framleiðsluferlum, sem er akkúrat það sem þið sérhæfið ykkur í og því varð ég mjög spenntur fyrir fyrirtækinu ykkar og ákvað ég því að sækja um. Eining starfaði langafi minn Gísli Súrsson Magnússon vélsmiður hjá ykkur í meira en þrjá áratugi við góðan orðstýr.

Eins og ég sagði áðan þá er ég að klára þriðja ár mitt í vélaverkfræði og eftir þessa önn þá á ég einungis 6 einingar eftir. Stefnan var sú að útskrifast núna um jólin og fara síðan út til Danmerkur í Danmarks Tekniske Universitet í mastersnám haustið 2024. Það myndi henta mér vel ef ég fengi sumarvinnu og myndi síðan bjóðast að vera áfram yfir skólaönnina ef ykkur hentar. Eftir að ég klára meistaraáráðuna mína þá ætla ég að flytja aftur til Íslands og starfa hérlendis.

Ég tel mig vera sjálfstæðan, skipulagðan og einstaklega jákvæðan. Ég legg allan minn metnað í þau störf sem ég tek mér fyrir hendur og er fljótur að læra og tileinka mér nýja hluti. Ég á auðvelt með að vinna í hóp sem og sjálfstætt. Áhugamál mín eru að ferðast, bæði innanlands og utanlands, hitta vini mína til að stunda íþróttir, svo sem fótbolta, körfubolta, billjard og klifur. Einnig hef ég mjög gaman af útivist, svo sem að fara í fjallgöngur, reiðtúra, fjórhjólaferðir eða útilegur. Ég stundaði tónlistarnám í um fimm ár þar sem ég lærði á gítar og píanó. Auk þess æfði ég karate í um tíu ár, frá öðrum bekk til 2. árs í menntaskóla. Ég er með svarta beltið og 1. dan og er búinn að afla mér þjálfararéttinda og dómaraaréttinda í íþróttinni.

Ég tel að ég yrði mjög gagnleg viðbót í starfslíð fyrirtækisins og það yrði mér ánægja að kynna mig í eigin persónu.

Virðingafyllst

Mikael Máni Vidal
Manividal00@gmail.com

s. 7802025